

Lendingarbótanefndin hefir og eftirlit með því hvernig báta- og skipafestar (hafnarfestar) eru lagðar. Hún ræður og hvar þær liggja, sem og styrkleika þeirra. Um styrkleika hafnarfesta skal nefndin fara eftir tillögum kunnáttumanna, að fengnu samþykki váttryggingarfélags þess, sem hefir með höndum tryggingar báta og skipa í hafnarumdæminu.

Eftirlit það, sem ofan greinir, getur lendingarbótanefndin falið hafnsögumanni eða trúnaðarmanni sínum.

5. gr.

Reikningsár lendingarsjóðsins er almanaksárið.

Fyrir 1. febrúar ár hvert, skal lendingarbótanefndin hafa samið ársreikning lendingarsjóðsins, og sent hann til oddvita hreppsnefndarinnar, sem lætur endurskoða hann samhliða reikningi sveitarsjóðsins.

Reikningsuppgerðinni skal fylgja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðsins á yfirstandandi ári, og tillögur um viðbætur eða endurbætur þær, sem ætlast er til að verði gerðar á árinu.

6. gr.

Tekjum og eignum lendingarsjóðsins má einungis verja til viðhalds og viðbótar við mannvirki hans, svo sem til leiðarljósa inn í höfnina og á henni, sandvarnargarðsins við Ölfusá, dýpkun hafnarinnar og leiðanna inn í hana, svo og annara hafnarmannvirkja.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum 20—10000 krónum, er renna í lendingarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerðinni fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 45 8. september 1931 til þess að öðlast gildi 1. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. apríl 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89 16. ágúst 1935.

1. gr.

1. málsg. 68. gr. fjallskilareglugerðarinnar orðist þannig:

Hross og sauðfé, sem rekið er til sölu eða slátrunar, skal vera greinilega merkt, hross með stóru X klipptu á vinstri lend, hvítar kindur með svörtum lit á vinstri vanga, svartar kindur með hvítum lagði í malir, og mislitar kindur með lit eða lagði, eftir því sem við á.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.